

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Norðan Miðbrautar er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega, en sunnan Miðbrautar gefst íbúum kostur á að kaupa jarðgerðartunnu með aðstoð sveitarfélagsins.

Þá er lagt á sérstakt gjald á búfjáreigendur til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og miðast gjaldið við að standa undir hluta af áætluðum kostnaði við förgunina fyrir hverja búfjártegund.

3. gr.

Á hverja íbúð greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta, staðsetningu og úrgangstegund:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
Sunnan Miðbrautar	21.875 kr.	29.573 kr.	46.946 kr.	65.511 kr.
Norðan Miðbrautar	26.327 kr.	29.573 kr.	46.946 kr.	65.511 kr.
	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
<i>Endurvinnslutunna:</i>	13.498 kr.	16.222 kr.	26.034 kr.	30.921 kr.
	<i>140 l</i>	<i>360 l</i>		
<i>Lífrænn úrgangur:</i>	29.033 kr.	35.102 kr.		

4. gr.

Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald kr. 11.230 enda geti notendur þeirra losað sig við sorphirðu á gámasvæði á vegum sveitarfélagsins.

Eigendur frístundahúsa geta samið um að sorphirðu verði tekið hjá þeim á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst, enda séu sorphirðulát þá höfð aðgengileg fyrir verktaka sem sjá um sorphirðuna. Sorphirðan fylgir þá sömu reglum og sorphirða sunnan Miðbrautar og skal greiða fyrir þjónustuna 50% af sorphirðugjaldi íbúða sunnan Miðbrautar í stað sorpeyðingargjaldsins.

5. gr.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjártegundartölum og er eftirfarandi:

<i>Nautgripir</i>	<i>Geldneyti</i>	<i>Sauðfé og geitfé</i>	<i>Hross</i>	<i>Grisir</i>	<i>Hænur</i>
614 kr./grip	307 kr./grip	107 kr./grip	164 kr./grip	415 kr./grip	13 kr./hænu

6. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er var staðfest af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 26. nóvember 2021, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000 með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 15/2020 úr gildi.

Eyjafjarðarsveit, 16. desember 2021.

Stefán Árnason skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2022